

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, byggðasvæði 2-4 í Reykjavík.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 22. febrúar 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að íbúðum á byggðasvæði 2 - 4 í Reykjavík fjölgar um 1.300 íbúðir. Samtals fjöldi íbúða eftir breytingu verður 12.000.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. febrúar 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2006